

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

**Minjakönnun
vegna fyrirhugaðra framkvæmda að Svínhólum í Lóni,
Sveitarfélaginu Hornafirði**

Fornleifaskráning 2017

Sigríður G Björgvinsdóttir

Apríl 2017



Mynd 1. Séð heim að núverandi bæjarstæði í Svínhólum, horft til norðvesturs. Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur suðaustan við íbúðarhúsið fyrir miðri mynd. Ljós.: SGB, apríl 2017.

Inngangur

Vegna fyrirhugaðra byggingframkvæmda í landi Svínhóla (landnúmer 159397) í Lóni, Sveitarfélaginu Hornafirði, var fyrirhugað framkvæmdasvæði tekið út með tilliti til fornminja, eins og lög gera ráð fyrir.¹ Til stendur að reisa nýbyggingu með samtals um 100 m² brúttóflöt, u.þ.b. 18 m suðaustur af íbúðarhúsi á núverandi bæjarstæði Svínhóla (sjá mynd 1).

Farið var á vettvang 7. apríl 2017, svæðið kannað og ljósmyndað.

Svínhólar og minjar

Jörðin Svínhólar er ein margra bújarða sem myndast hafa úr landnámsjörð þórðar skeggja, en hann nam land í Lóni norðan Jökulsár til Lónsheiðar.² Í vestri liggja jarðamörk Svínhóla og Reyðarár frá Reyðarártindi í línu þvert yfir Skiphóla, þar sem þeir eru hæstir, í Lónsfjörð. Í austri liggja mörkin við land Víkur um læk á Hrossahjallabrún niður í Reiðsund og þaðan í línu í Hvalneskíl.³ Í norðri liggja mörkin við fjallsbrúnir ofan Blágils og Blágilsbotna innst í Össurárdal.

¹ Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

² Stefán Jónsson, 1971, bls. 25

³ Ö-Svínhólar, 1.

Frá Skiphólum liggur mjó landræma til austurs undir bröttu og gróðurlausu Svínhólaflalli og hefur bæjarstæðið ávallt verið austast á henni.⁴ Össurá rennur úr Össurárdal austan Svínhólaflalls og skilur að heimatún og blautt engjasvæði.

Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segir um Svínhóla: „Túnið er slétt og grasgefið, austur frá því er gróðulftið, örfoka land að Össurá. Engiarnar eru utan við Össurá, skammt frá bæ. Land það er flatt og blautlent, en sæmilega grasgefið, er Bæjarós stóð uppi. [...] Heimahagar eru nærliggjandi bæði fyrir vestan bæ og austan, samhliða þar landinu utan Össurár. Afréttin er Össurárdalur, sem er lítil dalskvompa. [...] Torfrista er góð, vatnsból gott, mótaka engin. Til hlunninda telst silungsveiði í Lóninu.“⁵

Í jarðabók Ísleifs Einarssonar skráð 1709 og Jarðatali Johnsens frá 1847 er Svínhóla getið sem í bændaeign, jarðadýrleiki þess skráður 6 hundruð. Landskuld X aurar, ekkert kúgildi og skógarítak í Bæjardal í Bæjarlandi.⁶

Í manntali frá 1703 og er einbýli í Svínhólum með 8 einstaklinga í heimili.⁷ Lengst af tímabilisins frá 1860 og fram til 1920 var tvíbýlt í Svínhólum, Austurbær og Suðurbær, með flesta íbúa samkvæmt manntali árið 1910, samtals 20 manns.⁸ Munnmæli segja að bænhús hafi til forna verið í Svínhólum en engin merki hafa fundist um það né ummerki um kirkjugarð.⁹ Jörðin fór í eyði um 1960.¹⁰ Árið 1979 var reist nýtt íbúðarhús í Svínhólum og stendur það u.þ.b. 230 m vestar í túninu en eldra bæjarstæði gerði.¹¹

Skráning/Niðurstaða

Skráning minja tekur til sýnilegra minja á vettvangi og þar sem þekkt staðsetning er kunn út frá heimildum. Þess má geta að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt lögum um Menningarminjar.

Þessi skráning tók einungis til fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Engar minjar sáust sem skilgreinast sem fornleifar innan þess eða í grend við fyrirhugað framkvæmdasvæði á núverandi bæjarstæði í Svínhólum. Í heimildum, s.s. örnefnaskrá og túnakort, er ekki getið minja innan svæðisins eða í nágrenni þess (sjá yfirlitskort á mynd 2).

⁴ Stefán Jónsson, 1971, bls. 42

⁵ Stefán Jónsson, 1971, bls. 42-43

⁶ Jarðabók Ísleifs Einarssonar, bls. 15


⁷ Manntal 1703, bls. 426

⁸ Þjóðskjalasafn Íslands, manntal 1910

⁹ Björn Þorvaldsson, 1997, bls. 34-35

¹⁰ Stefán Jónsson, 1971, bls. 43

¹¹ Þjóðskrá Íslands, á.á.



Mynd 2. Yfirlitskort af núverandi bæjarstæði í Svínhólum. Svartur rammi afmarkar útlínur framkvæmdasvæðis, suðaustur við íbúðarhús. Engar minjar eru innan þessa svæðis né í nágrenni þess. Sjá einnig myndir 3-5 af fyrirhuguðu byggingasvæði í viðauka. Heimildir: loftmynd frá Loftmyndum ehf, IS50V kortagrunnur LMI. Kortagerð: SGB, 2017.

Heimildir

Björn Þorvaldsson, (1997). Stafafellssókn. Í Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson (sáu um útgáfu), *Skaftafellssýsla, Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Reykjavík: Sögufélagið

Jón Þorkelsson, (1918-20). *Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaftafellssýslu, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar*. Blanda 1. bindi 1918-1920, 1-3. hefti, bls. 1-38

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn

Landmælingar Íslands, IS50V kortagrunnur

Loftmyndir ehf, loftmyndagrunnur

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012

Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Reykjavík: Hagstofa Íslands 1924-1947.

Stefán Jónsson, 1971. Býli og búendur í Bæjarhreppi í Lóni. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, I. bindi*. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar

Þjóðskjalasafn Íslands, 2017. *Manntal 1910*. Sótt 19. apríl 2017 á:
<http://www.manntal.is>

Þjóðskjalasafn Íslands, 2017. *Túnakort – Svínhólar*. Sótt 19. apríl 2017 á:
<http://www.archivesportaleurope.net/ead-display/-/ead/pl/aicode/IS-PI/type/fa/id/Stjornarrad+Islands+-+II.+skrifstofa+-+Tunakort+1916-1929/unitid/IS-PI-0021-0000-012-E-ED13-0001-52/search/0/tunakortasafnið>

Þjóðskrá Íslands, *fasteignaskrá*, á.á. Sótt 19. Apríl 2017 á:
<https://www.skra.is/default.aspx?pageid=d5db1b6d-0650-11e6-943c-005056851dd2&streetname=Sv%C3%ADnhólar>

Viðauki



Mynd 3. Núverandi íbúðarhús og skemma í Svínhólum, horft til norðausturs. Ljósm. SGB, apríl 2017.



Mynd 4. Svínhólar, horft til norðausturs í átt til Össurárdals. Ljósm. SGB, apríl 2017.



Mynd 5. Horft til austurs yfir fyrirhugað framkvæmdasvæðið af núverandi bæjarstæði. Ljósm. SGB, janúar 2017.